

Aðalfundur félags sumarhúsaeygenda í Vatnsendahlíð, 5.maí 2009 kl 20.30

Skýrsla stjórnar. Aðalsteinn Ingi Aðalsteinsson

Á aðalfundi í maí 2008 Gengu Jón Guðmundsson og Bjarnþór Gunnarsson úr stjórn eftir þriggja ára setu, en þeir voru þeir fyrstu sem sátu í þrjú ár samkvæmt 4.gr.laga frá 17.04. 2007. Í staðinn fyrir þá til þriggja ára voru kosin Halldór Ármann Guðmundsson sv.4, Gréta Björk Jóhannesdóttir sv.5, á þessum fundi bættist við sjötta svæðið og var Líney Tryggvadóttir kosin fyrir það svæði.. Fyrir voru Valgeir Hallvarðsson sv.1, Sverrir Helgason sv.2 og Aðalsteinn Ingi Aðalsteinsson sv.3,sem ganga úr stjórn núna samkvæmt reglunni eftir þrjú ár í stjórn.

Stjórnin var þannig skipuð, formaður Aðalsteinn Ingi Aðalsteinsson, ritari Valgeir Hallvarðsson, gjaldkeri Líney Tryggvadóttir, meðstjórnendur, Sverrir Helgason, Halldór Ármann Guðmundsson og Gréta Björk Jóhannesdóttir.

Gámar: Eins og félagar vita tók vegagerðin burt gáminn við byrjun varanlegrar vegagerðar inn að landi Hvamms, að því verki loknu áttum við von á að gámurinn yrði settur upp á ný á sama stað. Það var nú aldeilis ekki ætlun vegagerðarinnar að gera það. >Þeir töldu að of mikil hætta stafaði af staðsetningunni, blind brekka væri of nálægt og hætta á hraðakstri upp brekkuna.

Því var það að ég settist að við gáminn á miklum umferðatíma og mat hættuna. All flestir óku skynsamlega með örfáum undartekningum,allir áttu það samt sammerkt að aka á fjærkantinum án nokkurar hættu fyrir mig við gáminn. Nú upphófst glíman um gáminn. Ég átti nokkur samtöl við Auðunn Hálfánarson hönnuð hjá vegagerðinni og Guðmund Pétursson eftirlitsmann vegagerðarinnar. Þeir vildu finna heppilegri stað,, ekkert gerðist. Þarna inná milli ræddi ég við Davíð á Grund var hann mér sammála. Því næst snéri ég mér til Byggingafulltrúa hreppsins og ræddi um deiliskipulag þar sem gerð er krafa um pláss fyrir gám í Vatnsendalandi og fyrri samþykktir varðandi staðsetningu gámsins,þurfti ég að sannfæra hann, að lokum gekk hann í málið og þið vitið málalok. Gámurinn er kominn á sinn stað.

Viðhald vega: Á síðasta aðalfundi í maí 2008 var nokkuð rætt um vega viðhald, eðlilega því árið áður höfðum við lagt fram áætlun fyrir vissa upphæð til framkvæmdanna sem ekkert varð af. Við höfðum fengið Sigurð frá Hellum til verksins hann einn hefur aðgang að malarnámunni. Þrátt fyrir margar hringingar og óskir okkar um að hann staði við okkar samkomulag tafðist verkið um ár.

Samkvæmt plani frá 2007 ætluðum við að taka sv 1 og hálf sv 2 og síðan 2008 að klára sv 2 og 3, þessi svæði öll voru tekin 2008 og nú í ár er komið að því að taka svæði 4 og 5 og veitir ekki af. Árin þar á undan höfðu vegirnir drabbast niður af þeirri einföldu ástæðu að árgjaldi var haldið niðri.

Verslunarmannahelgin: Að venju var haldinn skemmtun á Vatnsendasvæðinu um verslunarmannahelgina eða 2.ágúst 2008 Hófst hún með brennu og brekkusöng. Á íþróttasvæði nálægt brennunni hafði verið komið fyrir samkomutjaldi sem var skreytt með hátíðarljósum. Nokkrir valinkunnir hljómlistarmenn sem kölluðu sig Vatnsendabandið sáu um að börn og fullorðnir skemmtu sér saman.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum samstarfið og óska næstu stjórn velfarnaðar.